

Safnaðarblað

sóknanna í Hríseyjar-, Dalvíkur-, Ólafsfjarðar-, og Siglufjarðarprestaköllum

Helgihald í október og nóvember 2011

Október	Kirkja	Tími	
2.	Siglufjarðarkirkja – Barnastarf	11:15	
	Ólafsfjarðarkirkja – Barnastarf	11:00	
	Ólafsfjarðarkirkja – Guðsþjónusta – Fermingarbörn og foreldrar	14:00	
	Dalvíkurkirkja – Barnastarf	11:00	
	Dalvíkurkirkja – Guðsþjónusta	14:00	
	9.	Siglufjarðarkirkja – Barnastarf	11:15
		Ólafsfjarðarkirkja – Barnastarf	11:00
		Dalvíkurkirkja – Barnastarf	11:00
		Dalbær – Helgistund	14:00
		Stærra-Árskógskirkja – Guðsþjónusta	14:00
	16.	Siglufjarðarkirkja – Barnastarf	11:15
		Siglufjarðarkirkja – Hátíðarguðsþjónusta – 150 ártíð sr. Bjarna Þorsteinssonar	14:00
		Ólafsfjarðarkirkja – Barnastarf	11:00
		Ólafsfjarðarkirkja - Sameiginleg guðsþjónusta í Siglufjarðarkirkju	14:00
		Dalvíkurkirkja – Barnastarf	11:00
		Urðakirkja – Guðsþjónusta	13:30
		Stærra-Árskógskirkja – Barnastarf	11:00
		Hríseyjarkirkja – Guðsþjónusta	14:00
	23.	Siglufjarðarkirkja – Barnastarf	11:15
		Ólafsfjarðarkirkja – Barnastarf	11:00
Hornbrekka – Helgistund		14:30	
Dalvíkurkirkja – Barnastarf		11:00	
Stærra-Árskógskirkja – Barnastarf		11:00	
30.	Siglufjarðarkirkja – Barnastarf	11:15	
	Siglufjarðarkirkja – Kertastund	20:00	
	Ólafsfjarðarkirkja – Barnastarf	11:00	
	Dalvíkurkirkja – Barnastarf	11:00	
	Stærra-Árskógskirkja – Barnastarf	11:00	
Nóvember			
	6.	Siglufjarðarkirkja – Barnastarf	11:15
		Ólafsfjarðarkirkja – Fjölskylduguðsþjónusta – Lok TTT-móts	11:00
		Ólafsfjarðarkirkja – Guðsþjónusta – Látinna minnst	20:30
		Dalvíkurkirkja – Barnastarf	11:00
		Dalbær – Helgistund	14:00
		Dalvíkurkirkja – Guðsþjónusta	20:00
		Hríseyjarkirkja – Barnastarf	11:00
		Stærra-Árskógskirkja – Guðsþjónusta	14:00
	13.	Siglufjarðarkirkja – Barnastarf	11:15
		Siglufjarðarkirkja – Guðsþjónusta – Heimsókn frá Sauðárkróki	14:00
		Hornbrekka – Barnastarfið kemur í heimsókn	11:00
		Dalvíkurkirkja – Barnastarf	11:00
		Hríseyjarkirkja – Barnastarf	11:00
	Hríseyjarkirkja – Guðsþjónusta	14:00	
	20.	Siglufjarðarkirkja – Barnastarf	11:15
		Ólafsfjarðarkirkja – Barnastarf	11:00
		Dalvíkurkirkja – Barnastarf	11:00
		Vallakirkja – Hátíðarguðsþjónusta – 150 afmæli kirkjunnar	13:30
		Hríseyjarkirkja – Barnastarf	11:00



Myndin er tekin eftir sameiginlega fjölskylduguðsþjónustu prestakallanna fjögurra 25. september 2011 og sýnir Skralla trúð ræða við nokkra kirkjugesti uppi í safnaðarheimili Siglufjarðarkirkju. Mynd: Sigurður Ægisson

Kæri lesandi.

Þú hefur í höndum fyrsta safnaðarblað sóknanna við utanverðan Eyjafjörð. Á kirkjuþingi 2010 var samþykkt tillaga um samstarfssvæði, sem hluta af heildarskipan þjónustu kirkjunnar. Svæðin eiga að vera virk um allt land og orðin að veruleika fyrir árslok 2011. Gert er ráð fyrir að prestar svæðisins og forsvarsmenn sóknanna hittist þrisvar sinnum yfir árið og ræði hvernig til hafi tekist og leggi línurnar um framhaldið. Í tillögunni segir að einn prestur svæðisins skulu vera í forsvari þess eitt ár í senn og mun undirrituð vera það þennan vetur 2011-2012. Það er von og trú okkar prestanna að samstarfið megi auka og efla starf kirkjunnar á svæðinu og að þess muni gæta í öllum þáttum kirkjustarfsins, í fermingarfræðslunni, sameiginlegu helgihaldi, kórstarfi, námskeiðum og fyrirlestrum.

Gott og fjölbreytt starf er unnið í kirkjunum á svæðinu. Þar fer þó mest fyrir starfi með börnum og kórstarfi. Barnastarfið er skírnarfræðsla kirkjunnar og þegar börnin eru borin til skírnar er því heitið af foreldrum og guðfeðginum að ala þau upp í kristnum gildum og að þau kynnist Jesú og boðskap hans. Eflum barnastarfið með því að koma með börnin eða barnabörnin, frænku eða frænda og eigum saman góðar og notalegar morgunstundir á sunnudögum í sóknarkirkju okkar eða annarri í nágrenninu. Leggjum barnastarfið okkur á brjóst, biðjum fyrir því og hvetjum hvert annað til að taka þátt. Eflum samstarfssvæði kirkjunnar með því að taka þátt í fjölbreyttu og gefandi starfi hennar í okkar sóknarkirkju og kirkjunum á svæðinu.

Hluti af því að vera manneskja er lögunin til að vera til staðar í lífi annarra. Vilja deila sorg, gleði og von. Vilja miðla kærleika og trú og trausti á umhyggju Guðs. Tökum okkur tíma til að hlúa að lífinu. Hlúum að okkur sjálfum og hlúum hvert að öðru. Ræktum líkama og sál og gefum okkur tíma fyrir samfélag við Guð. Leitum til hans í bæn og treystum því að hann ber okkur á kærleiksörmum.

Guð blessi þig og leiði í amstri og gleði daganna.

Fyrir hönd presta svæðisins,

Sigríður Munda Jónsdóttir, sóknarprestur Ólafsfirði

Vísa mér veg þinn, Drottinn, að ég gangi í sannleika þínum, gef mér heilt hjarta, að ég tigni nafn þitt (Dávíðssálmur 86:11).

Sóknarprestar svæðisins eru:

Hríseyjarprestakall:

Hulda Hrönn M. Helgadóttir, sími 466-1729. Netfang: blami@simnet.is

Dalvíkurprestakall:

Magnús G. Gunnarsson, sími 466-1685. Netfang: mgunn@internet.is

Ólafsfjarðarprestakall:

Sigríður Munda Jónsdóttir, sími 466-2220. Netf: sigridur.munda.jonsdottir@kirkjan.is

Siglufjarðarprestakall:

Sigurður Ægisson, sími 467-1263. Netfang: sae@sae.is

Viðtalstímar eru eftir samkomulagi.

Mömmumorgnar – Foreldramorgnar í Ólafsfjarðarkirkju alla fimmtudaga kl. 10-12

Tilgangur þeirra er að skapa vettvang fyrir mömmur til að hittast og spjalla saman. Umsjón hefur Sigríður Munda Jónsdóttir.

Kátir krakkar – KFUM og K starf í Dalvíkurkirkju

alla miðvikudaga í október og nóvember kl. 16:00. Leikir, föndur, söngur og helgistund. Umsjón hafa Pétur, Helga og Magnús.

12 spörin – Andlegt ferðalag

á mánudagskvöldum í Ólafsfjarðarkirkju - lokaður hópur.

Miðgarðakirkja í Grímsey

Barnaguðsþjónusta verður í haldin í október og guðsþjónusta í tengslum við hátíðardag eyjunnar. Nánar auglýst síðar.

150 ára fæðingarafmæli sr. Bjarna Þorsteinssonar

Hátíðarguðsþjónusta verður í Siglufjarðarkirkju sunnudaginn 16. október kl. 14:00. Guðsþjónustan er liður í hátíðarhöldum vegna þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu sr. Bjarna. Sr. Sigurður Ægisson messar. Kirkjukórar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og Karlakór Siglufjarðar syngja undir stjórn Guito Thomas, Ave Köru Tonisson og Elíasar Þorvaldssonar.

Guð elskar glaðan gjafara

Helgarsamvera fyrir TTT-starf safnaðanna og yngri deilda KFUM og K verður haldin á Ólafsfirði 5.-6. nóv. Fjölbreytt dagskrá verður í boði og hefst hún upp úr hádegi á laugardegi og endar með guðsþjónustu í kirkjunni á sunnudeginum.

Sorg og sorgarviðbrögð

Mánudagskvöldið 15. nóvember kl. 20:00 heldur sr. Halldór Reynisson fyrirlestur um sorg og sorgarviðbrögð í Siglufjarðarkirkju. Áhugi er á að stofna lokaðan sorgarhóp í kjölfar fyrirlestursins. Allir velkomnir.

Kátir krakkar – KFUM og K starf í Ólafsfjarðarkirkju

alla miðvikudaga í október og nóvember kl. 17:30. Leikir, föndur, söngur og helgistund. Umsjón hafa Pétur, Helga og Sigríður Munda.

Heimasíða þjóðkirkjunnar og fleiri tengdar síður:

kirkjan.is

kirkjan.is/sod

kirkjan.is/naust

tru.is

barnatru.is

Hjálparstarf kirkjunnar: help.is.

Vallakirkja 150 ára

Hátíðarguðsþjónusta verður í Vallakirkju í Svarfaðardal sunnudaginn 20. nóvember kl. 13:30. Minnst verður 150 ára afmælis kirkjunnar. Sr. Jón A. Baldvinsson, vígslubiskup prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sóknarpresti. Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Hlínar Torfadóttur. Nýtt orgel verður vígt í messunni. Allir velkomnir.

Systrafélag Siglufjarðarkirkju

styður dyggilega við starf kirkjunnar. Þessa dagana stendur yfir sala á merki félagsins og framundan er sala á jólakortum.

Kríasálmur í Ólafsfjarðarkirkju

Kríasálmanámskeið verður haldið á fimmtudögum í nóvember kl. 11-12 í tengslum við mömmumorgna í Ólafsfjarðarkirkju.

Kennari verður Sigrún Magna Þorsteinsdóttir, organisti í Akureyrarkirkju. Öll börn á samstarfssvæðinu, sem fædd eru árið 2011 eru velkomin á námskeiðið.

Kríasálmur er samheiti yfir kirkjuleg tónlistarnámskeið fyrir ungbörn og foreldra þeirra. Á námskeiðinu verða kennd ýmis lög og leikir í notalegu umhverfi og lögð áhersla á söng og hreyfingu.

Rannsóknir hafa sýnt að það að syngja fyrir lítil börn auki einbeitingarhæfileika þeirra og hreyfifroska. Raddir foreldranna eru þær fyrstu sem ungbörn læra að þekkja og það veitir þeim öryggi og ánægju að heyra þær. Sönghæfileikar skipta því engu máli í þessu samhengi, en málið snýst fyrst og fremst um að rækta tengsl foreldis og barns.

Ekkert þátttökugjald er á námskeiðið.

Vinsamlegast skráið þátttöku á netfangið sigridur.munda.jonsdottir@kirkjan.is eða í síma 466-2220 eigi síðar en 31. október nk.

Mömmumorgnar í Dalvíkurkirkju

alla þriðjudaga kl. 10-12.

Langar þig að syngja í kirkjukór?

Það er gaman og gefandi að syngja í kór. Kirkjukórarnir annast söng við messur og helgiathafnir og margir þeirra halda jóla-tónleika og/eða vortónleika. Framundan eru æfingar fyrir aðventuhátíðir og helgi-hald jólanna. Hafðu endilega samband við organistann í þinni kirkju, það verður vel tekið á móti þér.

Nöfn og símar organistanna:

Hríseyjarkirkja: Jóhann Ólafsson, sími 466-1515.

Stærra-Árskógskirkja: Hlín Torfadóttir, sími 466-1863.

Dalvíkurkirkja: Hlín Torfadóttir, sími 466-1863.

Urða-, Valla- og Tjarnarkirkjur: Hlín Torfadóttir, sími 466-1863.

Miðgarðakirkja: Jóhann Ólafsson, sími 466-1515.

Ólafsfjarðarkirkja: Ave Kara Tonisson, sími 466-1239.

Siglufjarðarkirkja: Guito Thomas, sími 467-2150.

Siglufjarðarkirkja – Söfnun fyrir Hjálparstarf kirkjunnar

Í nóvember munu fermingarborn ganga í hús og safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

Fermingarborn í Hríseyjarsókn og Stærra-Árskógssókn

munu í nóvember ganga í hús og safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar - "Margt smátt gerir eitt stórt."

Ólafsfjarðarkirkja – Tónleikar til styrktar barnastarfi kirkjunnar

Rótarýklúbbur Ólafsfjarðar mun standa fyrir tónleikum í kirkjunni fimmtudagskvöldið 10. nóvember kl. 20:00. Dagskráin verður nánar kynnt með auglýsingum þegar nær dregur.

Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hvert annað eins og ég hef elskað yður (Jóhannesarguðspjall 15:12).